



FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Á hugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

Starf ársins 1998

Fyrsta starfsári flóruvina er nú senn lokið, og við erum farin að sjá hilla undir nýtt sumar með nýjum æfintýrum. Þá er ekki úr vegi að staldra við og líta yfir farinn veg, og sjá hver árangurinn hefur orðið á þessu fyrsta ári.

Flóruvinir á skrá hjá okkur eru nú 136 talsins, og það er nú bara dágóður fjöldi. Af þeim höfum við fengið einhverjar upplýsingar um plöntur frá rúmlega 20 þátttakendum. Það er líka töluvert góð þátttaka svona á fyrsta árinu. Eins og við er að búast koma upplýsingarnar eftir ýmsum leiðum: gegn um símann, í tölvuskeytum, með pósti á hvítum, bláum eða gulum spjöldum, eða bara í venjulegum bréfum. Allt er þetta ágætt, og allt ratar það á spjöld áður en lýkur og inn í gagnagrunninn.

En ég veit líka, að fleiri luma á gögnum sem þeir hafa tekið saman, en ekki komið í verk að senda. Það kemur bara síðar.

Ég held að á engan sé hallað, þótt ég segi frá því hér, að á þessu fyrsta ári hafa komið meiri upplýsingar frá þeim Hálfadáni Björnsyni á Kvískerjum í Örfum og Sigvarði Einarssyni á Brú í Jökuldal en frá nokkrum öðrum.

Vinsamlegast verið ófeimin að hafa samband og panta spjöld eftir þörfum. Eins að biðja um reitskipt kort af svæðum sem þið viljið vinna með, ef þið hafið ekki þegar fengið slík kort.

Námskeið í plöntugreiningum 1999

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á námskeið í plöntugreiningum sumarið 1999 ef næg þátttaka fæst. Það verður haldið á Hrafnagili í Eyjafirði dagana 8. til 11. júlí. Boðið verður upp á fæði og gistingu á staðnum, hótélherbergi eða svefnpokapláss í skólastofum. Á staðnum er einnig hægt að fá gistingu á tjaldstæði ef óskað er eftir. Gert er ráð fyrir að tjaldgestir sjái sér sjálfir fyrir fæði, annað hvort með matarinnkaupum eða kaupum máltíðir á staðnum.

Kennslan fer að langmestu leyti fram úti á víðavangi á gönguferðum um nágrenni staðarins og upp í hlíðina fyrir ofan. Innifalinn er einnig rútuferð til gróðurskoðunar á fjarlægari stöðum í héraðinu. Að auki verða morgunfyrirlestrar og leiðsögn við greiningar á vinnustofu ef tími vinnst til eftir dagsferðina.

Hámarksfjöldi þátttakenda er 15 miðað við einn leiðbeinanda, en hugsanlegt er að bæta við öðrum leiðbeinanda verði þátttaka mjög mikil. Nauðsynlegt er að bóka námskeiðið í tíma, einkum fyrir þá sem ætla að fá hótélgistingu.

Nánari upplýsingar um verð og annað er viðkemur námskeiðinu má finna í auglýsingu á bls. 4. í þessu fréttabréfi. Er ekki tilvalið að sameina með þessu nám og afþreyingu í sumarfríinu?

Vettvangsferðir 1998

Þrjár vettvangsferðir til plöntuskoðunar voru auglýstar í síðasta fréttabréfi sem kom út í júní 1998. Tvær þessara ferða voru farnar, en ein féll niður vegna lítillar aðsóknar, þar sem aðeins einn þátttakandi mætti. Það var sú sem fara átti frá Akureyri 5. júlí.

Frá Egilsstöðum var farið 11. júlí, og voru þátttakendur 5. Byrjað var á göngu um Egilsstaðaskóg og skoðaðar þær plöntur sem þar bar fyrir augu. Síðan var gerð nokkur leit að ferlaufungi og bjöllulilju, og fannst sá fyrrnefndi en bjölluliljan lét ekki sjá sig. Það sýnir sig stundum, að plöntur sem einu sinni hafa fundist á ákveðnum stað er ekki alltaf svo auðvelt að finna aftur. Einkum gerist þetta oft í þéttum skógi.

Eftir þessa heimsókn í Egilsstaðaskóg var ekið austur í Mjóafjörð. Fjallaplöntur voru skoðaðar uppi á Mjóafjarðarheiði, en síðan var gengið um brekkur ofanvert við fjarðarbotninn. Næst var farið fram hjá Brekku og stansað utarlega á norðurströnd Mjóafjarðar, þar sem vaxa bæði hagastör og stinnasef. Endastöð ferðarinnar var svo nyrzt í Dalaskriðum. Þar er einn af örfáum fundarstöðum skollaberja á Austurlandi.

Þriðja auglýsta vettvangsferðin var svo farin frá Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík sunnudaginn 19. júlí. Fjöldi þátttakenda í þeirri ferð sló bæði fyrri metin, því þeir munu hafa verið um 13. Sú ferð hófst með því að ekið var til Krísuvíkur. Við Augun í Krísuvík var stansað og skoðaður vatnagróður í Augunum og þurrlendisgróður í brekkunum meðfram þeim.

Síðan var haldið rakleiðis til Herdísarvíkur. Þaðan var gengið um hraunin og upp að Herdísarvíkurfjalli og litið m.a. á burknagróður sem þarna er fjölbreyttur í sprungum og gjótum. Einnig þar tókst að finna ferlaufung. Að lokum var klöngrast upp í hliðar Herdísarvíkurfjalls við Mosaskarð og endað undir hömrnunum. En þar vex m.a. stúfa og fleiri tegundir, sem annars einkenna brekkur undir Eyjafjöllum.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um plöntuskoðunarferðir í sumar. Tillögur þar að lútandi eru velkomnar, og munum við reyna að útvega leiðbeinendur.

Útbreiðslukort

Við höfum nokkuð velt því fyrir okkur, á hvern hátt auðveldast væri að koma útbreiðslukortum plantna á framfæri við flóruvini. Það mundi auðvelda þeim að átta sig á hvaða upplýsingar eru til staðar, og hvenær þeir eru að gera merkar uppgötv-anir. Í fréttabréfinu okkar mundu útbreiðslukortin fylla einar 60 blaðsíður.

Ein auðveldasta leiðin er að gera kortin aðgengileg á netinu. Sú leið hefur þó þann ókost, að ekki munu allir hafa jafn auðveldan aðgang að því enn sem komið er, þótt svo verði væntanlega fyrr en varir.

Nú þegar er langt komið að gera vefsíðu með útbreiðslukortum, myndum og fleiri upplýsingum um flóru Íslands. Vonir standa til þess að hægt verði að opna vefsíðuna flóruvinum á með komandi vori. Ekki munu þó allar íslenskar plöntur verða með í fyrstu atrennu, en fleirum verður bætt við smátt og smátt.

Sennilega mun þessi vefsíða fá inni á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands þegar þar að kemur. Upplýsingar um aðgang að henni verða sendar flóruvinum í pósti.

Starfið framundan

Það hefur reynst mjög vel að nota skiptingu 10 x 10 km reitanna í 2 km smáreiti sem táknaðir eru með bókstöfum. Ég vil því hvetja þá sem skrá plöntur, að merkja bókstaf þessara smáreita með reitnúmerinu, þar sem því verður við komið. Það er að mörgu leyti miklu þægilegra en að nota hnit.

Það er mjög lítið til af svo nákvæmlega staðsettum upplýsingum, og þær verða því miklu meira virði í framtíðinni, en þar sem aðeins er skráð reitnúmer, nema örnefnið sé þeim mun nákvæmara.

Til þess að geta gert þetta, þurfið þið að láta okkur vita um svæðið sem þið viljið vinna á, svo við getum sent ykkur reit-skiptingu þess svæðis. Eins þurfið þið að nota glærana sem send var með ferlaufungi í fyrra, og leggja yfir reitinn á kortinu, til þess að geta staðsett ykkur í rétta smáreitinn.

Listi yfir flóruvini mars 1999

Aðalbjörg Tryggvadóttir, Garðarsbraut 34, 640 Húsavík
 Anna Björg Jónsdóttir, Hvannstöði, 720 Borgarfirði
 Anna Guðrún Snorradóttir, Aðalbraut 9, Árskógsströnd, 621 Dalvík
 Anton Helgason, Holtabrún 1, 415 Bolungarvík
 Arnheiður Þórðardóttir, Gýgjarhólskoti, 801 Biskupstungum
 Arnlin Óladóttir, Bakka, Bjarnarfirði, 510 Hólmavík
 Ása Ketilsdóttir, Laugalandi, Skjaldfannardal, 510 Hólmavík
 Ása L. Aradóttir, Birkiteigi 1, 270 Mosfellsbæ
 Ásdís Friðriksdóttir, Hólagötu 5, , 260 Ytri-Njarðvík
 Ásrún Aðalsteinsdóttir, Hlíðskógum, Bárðardal, 641 Húsavík
 Ásrún Elmarsdóttir, Háagerði 79, 108 Reykjavík
 Baldvin Haraldsson, Stóru-Hámundarstöðum, 621 Dalvík
 Benedikt Björnsson, Höfðavegi 7a, , 640 Húsavík
 Berglind Orradóttir, Birkimel 8b, 107 Reykjavík
 Birna Laufdal, Helgamagrastræti 51, 600 Akureyri
 Bjarki Bjarnason, Hvirfli, 270 Mosfellsbæ
 Bjarni E. Guðleifsson, Möðruvöllum 3, 601 Arnarneshreppi
 Björn Gunnlaugsson, Tómasarhaga 19, 107 Reykjavík
 Björn Þorsteinsson, Túngötu 13, Hvanneyri, 311 Andakílhreppi
 Borgþór Magnússon, RALA, Keldnaholti, 112 Reykjavík
 Chloe Gyða Leplar, Óldugötu 23, 101 Reykjavík
 Davíð Arnar Stefánsson, Hraunstíg 6, 220 Hafnarfirði
 Davíð Hjalmar Haraldsson, Flötusiðu 2, 603 Akureyri
 Diljá P. Snæfeld, Fossatúni Andakílhreppi, 311 Borgarnesi
 Dóra Jakobsdóttir, Hringbraut 48, 101 Reykjavík
 Eggert Pétursson, Reynimel 53, 107 Reykjavík
 Einar Gíslason, Sóleyjargötu 15, 101 Reykjavík
 Elín Eiríksdóttir, Heiðarhjalla 53, 200 Kópavogi
 Elín Gunnlaugsdóttir, Langamýri 7, 600 Akureyri
 Elín Snorradóttir, Vallarbraut 21, 170 Seltjarnarnesi
 Ellý Guðjohnsen, Tómasarhaga 49, 107 Reykjavík
 Elsa Þórey Eysteinsdóttir, Lágabergi 9, 111 Reykjavík
 Eva G. Þorvaldsdóttir, Tómasarhaga 19, 107 Reykjavík
 Friðjón Árnason, Melgerði, , 311 Lundarreykjadal
 Friðrik Guðmundsson, Bólstaðarhlíð 23a-202, 105 Reykjavík
 Friðrika Sigurgeirsdóttir, Bjarnastöðum, 645 Bárðdælahreppi
 Glóey Finnsdóttir, Grettisgötu 55, 101 Reykjavík
 Gróa Valgerður Ingimundardóttir, Vatnsenda, 801 Selfossi
 Guðgeir Ingvarsson, Faxatröð 5, 700 Egilsstöðum
 Guðlaug Sveinbjarnardóttir, Sundlaugarvegi 29, 105 Reykjavík
 Guðmundur Guðjónsson, Skólagerði 21, 200 Kópavogi
 Guðmundur Páll Ólafsson, Neskin 1, 340 Stykkishólmi
 Guðni Þorvaldsson, Hraunbæ 16, 110 Reykjavík
 Guðný Sigurgísladóttir, Fífuhvami 19, 200 Kópavogi
 Guðríður Baldvinsdóttir, Engihlíð, Ljósavatnshreppi, 641 Húsavík
 Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir, Hvannavöllum 8, 600 Akureyri
 Guðrún Á. Jónsdóttir, Gilsbakka 8, 740 Neskaupstað
 Guðrún Hálfðánardóttir, Miðtúni 8, , 780 Hornafirði
 Guðrún Jónsdóttir, Álhöfsvégi 143, 200 Kópavogi
 Guðrún Tómasdóttir, Skógum, 861 Hvolsvelli
 Gunnar Ólafsson, Gilsbakka 8, 740 Neskaupstað
 Hafdís Hanna Ægisdóttir, Hraunbraut 19, 200 Kópavogi
 Hafdís Sigrún Roysdóttir, Svínafelli 1, 785 Fagurhólsmýri
 Hafdís Sturlaugsdóttir, Húsavík, Steingrímsfirði, 510 Hólmavík
 Halldór Sverrisson, Skeiðarvogi 79, 104 Reykjavík
 Hálfðán Björnsson, Kvískerjum, Öræfum, 785 Fagurhólsmýri
 Heiðrún Guðmundsdóttir, Langagerði 54, 108 Reykjavík
 Helga Friðriksdóttir, Miðtúni 33, 400 Ísafirði
 Helga K. Einarisdóttir, Melgerði 15, 200 Kópavogi
 Helgi Hallgrímsson, Lagarási 2, 700 Egilsstöðum
 Helgi Thorarensen, Hólum í Hjaltadal, 551 Sauðárkróki
 Herdís Einarisdóttir, Urðarbraut 3, , 540 Blönduósi
 Hjördís Haraldsdóttir, Baldursheimi, Arnarneshr., 601 Akureyri
 Hlíf Einarisdóttir, Brunná, 601 Akureyri
 Hólmfríður A. Sigurðardóttir, Heiðmörk 33, 810 Hveragerði
 Hulda Steingrímsdóttir, Hafnarstræti 41, 600 Akureyri
 Hörður Kristinsson, Arnarhóli, Kaupangssveit, 601 Akureyri
 Inga Dagmar Karlsdóttir, Reynimel 23, 107 Reykjavík
 Inga Rósa Þórðardóttir, Ártröð 5, 700 Egilsstöðum
 Inga Pýri Kjartansdóttir, Spítalastíg 10, 101 Reykjavík
 Jóhann Óli Hilmarsson, Stekkur við Vesturlandsveg, 132 Reykjavík

Jóhann Þórsson, Birkimel 8b, 107 Reykjavík
 Jóhanna Berghild Hergeirsdóttir, Suðurgötu 32, 220 Hafnarfirði
 Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir, Skaftárvöllum 46, 880 Kirkjubæjarklaustri
 Jóhanna Þormar, Fagrahjalla 8, 200 Kópavogi
 Jónína Guðjónsdóttir, Hraunbraut 42, 200 Kópavogi
 Ketill I. Tryggvason, Hallgilsstöðum, Fnjóskadal, 601 Hálsahreppi
 Kristbjörn Egilsson, Nátt.fr.st. Íslands, Hlemmur 3, 101 Reykjavík
 Kristín Ólafsdóttir, Hrísalundi 18a, 600 Akureyri
 Kristín Stefánsdóttir, Hurðarbaki, Villingaholtshr., 801 Selfossi
 Kristján Benediktsson, Barmahlíð 55, 105 Reykjavík
 Kristján Stefánsson, Laugarvegi 13, 560 Varmahlíð
 Laufey Bjarnadóttir, Möðruvöllum 4, 601 Akureyri
 Lára Hafliðadóttir, Hátúni 8, 105 Reykjavík
 Líneik Sævarsdóttir, Jhlíðargötu 47, 720 Borgarfirði
 Margrét Ásgeirsdóttir, Álholti 56c, 220 Hafnarfirði
 Margrét Ófeigsdóttir, Skólavöllum 12, 800 Selfossi
 Margrét Sverrisdóttir, Hrosshaga 1, , 801 Biskupstungum
 María Birna Arnardóttir, Safamýri 65, 108 Reykjavík
 María Hildur Maack, Leifsgötu 27, 101 Reykjavík
 María Ingimarsdóttir, Selbrekku 22, 200 Kópavogi
 Matthías Lýðsson, Húsavík, Steingrímsfirði, 510 Hólmavík
 Oddur Sigurðsson, Brekkuseli 14, 109 Reykjavík
 Ólafía Jakobsdóttir, Hörgslandi 2, 880 Kirkjubæjarklaustri
 Ólafur Einarsson, Laufríma 6, 112 Reykjavík
 Óskar Ágústsson, Mánagötu 27, 730 Reyðarfirði
 Öttar Kjartansson, Brunná, 601 Akureyri
 Ragnheiður Elísabet Jónsdóttir, Heiðarholti 4H, 230 Keflavík
 Ragnhildur Magnúsdóttir, Gýgjarhólskoti, 801 Biskupstungum
 Rannveig Einarisdóttir, Smárabraut 14, 780 Hornafirði
 Rannveig Magnúsdóttir, Selbrekku 14, 200 Kópavogi
 Rannveig Thoroddsen, Stapaseli 10, 109 Reykjavík
 Salóme Kristjánsdóttir, Baughús 19, 112 Reykjavík
 Sesselja Ingólfsdóttir, Fornhaga, Hörgárdal, 601 Akureyri
 Sigríður Angantýsdóttir, Hólum í Hjaltadal, 551 Sauðárkróki
 Sigríður Dalmannsdóttir, Lerkilundi 42, 600 Akureyri
 Sigríður Tómasdóttir, Sunnuvegi 16, , 800 Selfossi
 Sigrún Helgadóttir, Þverási 21, 110 Reykjavík
 Sigrún Jónsdóttir, Grundartandi 21, 108 Reykjavík
 Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Tómasarhaga 17, 107 Reykjavík
 Sigurborg Rögnvaldsdóttir, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík
 Sigurður Magnússon, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík
 Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, Krossum, Árskógsströnd, 621 Dalvík
 Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti, Landbroti, 880 Kirkjub.kl.
 Sigvarður Örn Einarsson, Brú Jökuldal, 701 Egilsstöðum
 Sigríður Stella Jóhannsdóttir, Ási, 671 Kelduneshreppi
 Skarphéðinn G. Þórisson, Fjólulhvami 2, 701 Egilsstöðum
 Snorri Baldursson, Skeiðarvogi 91, 104 Reykjavík
 Soffía Ingvarsdóttir, Unaósi, Fljótsdalshéraði, 701 Egilsstöðum
 Sóley Jónasdóttir, Tungusiðu 11, 603 Akureyri
 Sóveig I. Friðriksdóttir, Bólstaðarhlíð 2, , 541 Blönduósi
 Starri Heiðmarsson, Váktargatan 20a, Uppsölum, Svíþjóð.
 Sverrir Teitsson, Hjarðarhaga 58, 107 Reykjavík
 Valgeir Bjarnason, Náthaga 7, 551 Hólahreppi
 Valgeir Káráson, Háuhlíð 1, 550 Sauðárkróki
 Valgerður Jónsdóttir, Dalsgerði 7j, 600 Akureyri
 Vigdís Sigurðardóttir, Borgum Pistilfirði, 681 Þórshöfn
 Vigfús Ingvar Ingvarsson, Mánatröð 18, 700 Egilsstöðum
 Yngvi Kjartansson, Hrísalundi 16A, 600 Akureyri
 Þorsteinn Bergsson, Unaósi, Fljótsdalshéraði, 701 Egilsstöðum
 Þorvaldur Örn Árnason, Heiðarholti 4H, 230 Keflavík
 Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Aragötu 1, 101 Reykjavík
 Þórir Haraldsson, Ásabyggð 11, 600 Akureyri
 Þórunn Hálfðánardóttir, Fjósakambi 14, Hallormsstað, 701 Egilsst.
 Þórunn Kristjánsdóttir, Vatnsenda, 801 Selfossi
 Þröstur Eysteinnsson, Höfða, 701 Egilsstöðum

Vinsamlegast látið okkur vita um breytt heimilisfang. Við höfum upplýsingar um netfang tæplega helmings flóruvina. Gott væri að fá sendar upplýsingar um fleiri netfang til hkris@ni.is

Námskeið í plöntugreiningum

verður haldið í samstarfi við Hótel Vin á Hrafnagili í Eyjafirði dagana 8. til 11. júlí í sumar ef næg þátttaka fæst. Verði er stillt í hóf, svo að sem flestir sem áhuga hafa sjái sér fært að vera með. Leiðbeinandi verður Hörður Kristinsson.

Þrenns konar tilboð eru í gangi:

Tilboð 1: kr. 22.500

Gisting í uppþúnu rúmi miðað við tvo í herbergi og fæði á staðnum. Námskeiðsgjald og rútuferð innifalin.

Tilboð 2: kr. 19.800

Gisting í svefnpokaplássu í skólastofu, fæði á staðnum. Námskeiðsgjald og rútuferð innifalin.

Tilboð 3: kr. 12.000

Námskeiðsgjald ásamt rútuferð án gistingar og fæðis.

Í fæði er innifalinn morgunverður, kvöldverður og nesti til dagsins. Tilboð nr. 3 miðast við þá sem annað hvort búa í grenndinni, eða aðkomna sem kjósa að gista á tjaldstæðinu á eigin kostnað og sjá sér sjálfir fyrir fæði.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri í síma 462-2983 sem fyrst, í síðasta lagi fyrir lok apríl. Einkum er nauðsynlegt fyrir þá sem vilja tryggja sér gistingu í herbergi að leggja inn pöntun sem fyrst.

Staðurinn er 12 km sunnan Akureyrar. Sundlaug er á staðnum, opin til kl. 22,00. Námskeiðið hefst um hádegi á fimmtudegi, en stendur annars allan daginn frá kl. 9,00 til 17,00

N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N Í S L A N D S

Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 462 2983 Bréfasími 461 1296
Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 562 9822 Bréfasími 562 0815

